

61. gr. Sérstök vernd

Lovísa Ásbjörnsdóttir
sviðstjóri landupplýsinga og
verkefnastjóri jarðminja og 61.gr.
fyrir náttúruminjaskrá



61. gr.

Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja

Eftirtalin **vistkerfi** njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr.:


- a. **Votlendi** 20.000 m² eða stærri. **Stöðuvötn** og **tjarnir** 1.000 m² eða stærri. **Sjávarfitjar** og **leirur**
- b. Vistfræðilega mikilvægir **birkiskógar** og leifar þeirra

Eftirtaldar **jarðminjar** njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr.:




- a. **Eldvörp**, **eldhraun**, **gervigígar** og **hraunhellar** frá nútíma
- b. **Fossar** og nánasta umhverfi þeirra. **Hverir** og **heitar uppsprettur**, **lífríki** þeirra, **ummyndun** og **útfellingar**



Náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar



Vernd hraunhella



Dropsteinar, hraunstrá



Hvað þýðir sérstök vernd?

Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. **nema brýna nauðsyn beri til.**

Skylt er að afla **framkvæmdaleyfis**, eða eftir atvikum **byggingarleyfis**, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi **leita umsagnar** Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir liggja fyrir.



Hvað þýðir sérstök vernd?

Við mat á leyfisumsókn skal líta til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. og jafnframt huga að **mikilvægi minjanna og sérstöðu** í íslensku og alþjóðlegu samhengi.

Ákveði leyfisveitandi að heimila framkvæmd skal hann **rökstyðja þá ákvörðun** sérstaklega fari hún í bága við umsagnir umsagnaraðila. Heimilt er að **binda leyfi skilyrðum** sem þykja nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir rökun.

